

Markviss vinna í leikskóladeildum Þingeyjarskóla

Eflum málþroska og bernskulæsi barna

	<i>Orðaforði, málskílningur og áhugi</i> Hvernig við byggjum upp orðaforða barnanna. Hvernig við byggjum upp skilning þeirra á flóknari texta og frásögnum. Gleymum okkur í undraheimum sagna og bóka.	<i>Máltjáning og samræða</i> Hvernig við hjálpum börnum að gera sig skiljanleg. Vinnum að skýrari framburði, góðum samskiptum og skilningi á öðrum. Spyrjum, hlustum, svörum. Málþroski eflist í samskiptum, samskipti eflast með málþroska.	<i>Hljóðkerfisvitund og hlustun</i> Hvernig við beinum athyglinni að hljóðum í kringum okkur. Hvernig börnin öðlast vitund um hljóðin í tungumáli, að bókstafir hafi hljóð. Hvernig við eflum hlustun og einbeitingu til að auka skilning.	<i>Rítun og miðlun</i> Hvernig við örvum skilning á hlutverki ritmáls. Hvernig við gerum umhverfið læsis- og ritmálshvetjandi. Hvernig við eflum frásagnarhæfni og getu barnanna til að afla sér upplýsinga og miðla þekkingu og reynslu.
Daglegar lestrar- og samverustundir	Börnin læra vísur, ljóð og þulur, læra að skilja samhengi í texta og uppbyggingu mismunandi texta. Orð í sögum, ljóðum og þulum eru útskýrð og þannig unnið markvisst með orð og hugtök. Börnin fá að lifa sig inn í margskonar sögur með textum og myndum sem hæfa þroska og skilningi þeirra .	Börnin taka þátt í samræðum sem efla orðaforða þeirra, málskilning og tjáningu. Læra að hlusta á reynslusögur, skoðanir annarra og tala til skiptis. Öll börn fá tækifæri til að koma fram og segja frá, lesa bækur eða kynna ákveðið efni. Gott er að nýta samverustundir í að fara í alls kyns leiki sem örva máltjáningu.	Börnin hlusta á sögur. Þau hlusta eftir umhverfishljóðum og vinna með rím. Í samverustund gefst tækifæri til að ræða um það sem lesið er, spyrja spurninga, lesa milli línanna og spá fyrir um framhaldið.	Börnin sjá hvernig fullorðnir nota ritmál og læra þannig tengingu ritmáls og talmáls. Eldri börnin fá tækifæri til að semja sögur og ljóð. Við hvetjum börnin til að koma með bækur að heiman til að skoða, lesa/kynna fyrir hópnum.
Söngur, dans, hreyfingar, taktur. Tákn með tali	Við notum hreyfingar í söng og dansi og tákn með tali til að styðja við málskilning og orðaforða. Tónlist vekur tilfinningar og hugmyndir sem hægt er að setja orð á. Við lærum söngtexta og ræðum merkingu nýrra orða.	Börn læra að tjá sig með öllum líkamanum í gegnum tónlist. Hreyfingar og tákn með tali, söngur og dans örva almennan þroska og málþroska.	Tónlist frá mörgum menningarheimum víkkar reynsluheim barna. Með því að lifa sig inn í tónlist eflist einbeiting og geta til að hlusta, greina og velta vöngum yfir því hvað hljóð, laglína eða taktur gæti verið að segja okkur. Við nýtum taktinn til að klappa atkvæði í orðum.	Þegar börn læra og syngja lög um talnarununa, vikudagana, litina, fingurna og fleira, fer sú kunnátta inn í langtímaminni tengt laglínu og texta. Þannig er auðveldara að kalla vitneskjuna aftur fram úr minninu. Yngri börnin geta svo lært af eldri börnunum.
Læsishvetjandi umhverfi og efniviður. Lubbi finnur málbein.	Börnin hafa alltaf aðgang að fjölbreyttum bókakosti, geta skoðað sjálf eða látið lesa fyrir sig. Þau hafa aðgang að fjölbreyttum efnivið og tækifæri til að nota öll skilningarvit/skynfæri sín til að kanna umhverfið. Þannig öðlast þau dýpri skilning á orðum sem þau læra. Bókstafir eru hluti af leikefni barnanna.	Börnin merkja á Íslandskort staðina sem Lubbi heimsækir og ræða þá margt fleira sem þau vita um Ísland.	Börnin hjálpa Lubba að finna málbein, hlusta á Lubba lögin og æfa sig á íslensku máhljóðunum. Kennarar ýkja máhljóðin, endurtaka orð barnanna og bera þau rétt fram til leiðréttingar.	Börnin sjá kennara skrifa á töflur, skrifa sjálf og teikna. Börnin fara heim með Lubba sem lendir í mörgum ævintýrum, aðstoða foreldri við að skrá hvað gerðist og kennari les það upp í leikskólanum.
Samstarf leikskóla og foreldra	Foreldrar gegna lykilhlutverki í máltöku barna, orðaforða þeirra og málskilningi. Leikskólinn þarf að hvetja foreldra og fræða þá um mikilvægi þess að tala við og lesa fyrir börnin. Læsisstefna leikskólans er einnig unnin til að efla foreldra í hlutverki sínu.	Ef foreldrar eða leikskóli hafa áhyggjur af frávikum í málþroska barna þarf, með leyfi foreldra, að leita til sérfræðinga, t.d. talmeinafræðings til að greina vandann og veita ráðleggingar og þjálfun eftir þörfum.	Leikskólinn gætir að því að viðhalda góðu upplýsingaflæði til foreldra um leiki með rími og helstu söngva og þulur sem unnið er með. Þannig eiga foreldrar auðveldara með taka þátt í námi barnanna og þjálfun hljóðkerfisvitundar þeirra.	Þegar barn sýnir mikinn áhuga á byrja að lesa og þekkir þó nokkra bókstafi og hljóð þeirra geta leikskólaforeldrar í Þingeyjarskóla haft samband við kennara á yngsta stigi sem útbúa þá lestrarmöppu með byrjendaæfingum í lestri.
Daglegar athafnir, samskipti fullorðins og barns	Við setjum orð á daglegar athafnir, það sem við sjáum, heyrum og finnum og nýtum okkur allar aðstæður til samskipta, m.a. leik, fataklefanng og matartíma. Við hlustum á barnið, endurtökum og gefum því svörun með nærveru okkar, augnsambandi og athygli.	Við tölum við börnin og hlustum af virðingu og áhuga, aðstoðum þau líka við að hlusta á aðra svo öll fái tækifæri til að tjá sig. Við endurtökum eða endurorðum hægt og af virðingu og gefum börnunum tækifæri til að heyra og læra réttan framburð og orðaröð.	Við hlustum spennt á fuglana, vindinn, flugurnar, hljóðin sem heyrast í húsinu og allt sem er að gerast í kringum okkur.	Fullorðnir miðla þekkingu með orðum og hlusta einnig á skoðanir og frásagnir barnanna. Kennarar nýta myndir og það sem við upplifum í leikskólanum til að leggja inn ný orð og hvetja börnin til að nota þau.

